



Minjastofnun
Íslands

A. STYRKIR TIL VIÐGERÐA OG ENDURBÓTA

I. Forgangsöröðun og flokkun

Umsóknir flokkaðar eftir landshlutum og innan hvers landshluta í fjóra flokka:

- 1) friðlýstar kirkjur,
- 2) friðlýst hús og mannvirki
- 3) friðuð hús og mannvirki
- 4) önnur hús og mannvirki

II. Húsafriðunarnefnd fjallar um umsóknir, leggur á þær mat og veitir umsögn

Mat á umsóknum byggir á eftirtöldum þáttum :

1. Varðveislugildi húss og mannvirkis sem umsóknin tekur til. *Við matið verði horft til eftirtalinna þátta: listræns gildis, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunaleika og fágætisgildis (1-9 stig)*
2. Gæði umsóknar og eðli þess verkefnis sem sótt er um. *Byggir hönnun og áætlun um framkvæmdir á traustum faglegum grunni? eru teikningar og áætlanir vandaðar? Koma reyndir fagmenn að verkinu? Gefur umsóknin skýra mynd af viðfangsefninu? Er kostnaðar- og verkáætlanir raunhæfar? (0-2 stig)*
3. Mikilvægi verkefnisins fyrir byggingararfinn og varðveislu viðkomandi húss. *Hvers eðlis er verkefnið? Hversu aðkallandi er framkvæmdin? Á hvaða stigi er verkið (ekki hafið / í miðju kafi / nálægt verklokum)? Hver er styrkja- og framkvæmdasaga verkefnisins (ósóttir styrkir, ekki rétt að verki staðið)? Stuðlar verkefnið að jöfnuði í dreifingu styrkja milli landshluta? Er um að ræða bráðaviðgerð til að forða merkjum minjum frá eyðileggingu? (0-3 stig).*
4. Eigið framlag umsækjanda í fé og vinnu og aðrir styrkir til verkefnisins (0-1 stig).
(Eigið framlag jafnt og eða hærra en 50% = 1 stig / Framlag undir 50%= 0 stig)

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að fá a m k 4 stig í lið 1 og samanlagt ekki minna en 10 stig af 15 mögulegum. Eftirtalin eru viðmið vegna stiga :

- | | |
|-------|---|
| 0-6 | Umsókn ófullnægjandi eða í henni er að finna alvarlega formgalla |
| 7-9 | Umsókn uppfyllir lágmarksskilyrði í vissum þáttum en í henni eru verulegir veikleikar |
| 10 | Verðugt verkefni og góð umsókn, uppfyllir skilyrði sjóðsins þrátt fyrir veikleika |
| 11-12 | Verðugt verkefni og mjög góð umsókn, í henni eru nokkrir veikleikar |
| 13-15 | Mikilvægt verkefni og afburða góð umsókn, veikleikar eru smávægilegir |

III. Styrkir

Húsafriðunarnefnd leggur fram leiðbeinandi tillögu um styrkuppþæð.

Að jafnaði renni styrkir einungis í endurbætur og viðhald sem dýrara er en hefðbundið viðhald fasteignar þar sem notuð eru efni og aðferðir sem samrýmast varðveislugildi hússins.

Hlutfall styrkuppþæðar verði (að öllu jöfnu) aldrei hærra en sem nemur 50% af kostnaði við verkþætti sem eru styrktir hverju sinni. Viðmið um upphæð styrks eru breytileg eftir flokkum 1-5 sbr. lið I að ofan.

1. FRIDLÝSTAR KIRKJUR

Styrkur getur numið allt að 50% af kostnaði við styrkta verkþætti. Í rökstuddum tilvikum getur styrkur verið hærri. Það getur átt við þar sem eru sérstakar aðstæður, t.d. vegna framkvæmda við kirkjur í mjög fámennum sóknum og þegar eigið framlag er lítið eða ekkert en verkefnið metið brýnt af húsafriðunarnefnd og Minjastofnun Íslands.

2. FRIDLÝST HÚS OG MANNVIRKI

Styrkur getur numið allt að 50% af kostnaði við styrkta verkþætti.

Í rökstuddum tilvikum getur styrkur verið hærri. Það getur átt við þegar um er að ræða verkefni sem er mikilvægt fyrir byggingararfinn og varðveislu viðkomandi húss að mati af húsafriðunarnefndar og Minjastofnunar Íslands.

3. HÚS OG MANNVIRKI INNAN VERNDARSVÆÐIS Í BYGGÐ

Styrkur getur numið allt að 50% af kostnaði við styrkta verkþætti.

13-15 stig í heildareinkunn: styrkur nemur allt að 50%.

10-12 stig í heildareinkunn: styrkur nemur allt að 40 %

Í rökstuddum tilvikum getur styrkur verið hærri. Það getur átt við þegar um er að ræða verkefni sem er mikilvægt fyrir byggingararfinn og varðveislu viðkomandi húss að mati af húsafriðunarnefndar og Minjastofnunar Íslands.

4. FRIDUÐ HÚS OG MANNVIRKI

Styrkur nemur að jafnaði ekki meira en 40% af kostnaði við styrkta verkþætti.

Lítið er til mats á varðveislugildi og umsókn:

13-15 stig í heildareinkunn: styrkur nemur allt að 40%.

10-12 stig í heildareinkunn: styrkur nemur allt að 30 %

Í rökstuddum tilvikum getur styrkur verið hærri. Það getur átt við þegar um er að ræða verkefni sem er mikilvægt fyrir byggingararfinn og varðveislu viðkomandi húss að mati af húsafriðunarnefndar og Minjastofnunar Íslands.

5. ÖNNUR HÚS OG MANNVIRKI

Framlag til úthlutunar í þessum flokki ræðst af stöðu sjóðsins eftir úthlutun í öðrum flokkum.

Styrkur nemur allt að 30% af kostnaði við styrkta verkþætti.

13-15 stig í heildareinkunn: styrkur nemur allt að 30%

10-12 stig í heildareinkunn: styrkur nemur allt að 25%

Í rökstuddum tilvikum getur styrkur verið hærri. Það getur átt við þegar um er að ræða verkefni sem er mikilvægt fyrir byggingararfinn og varðveislu viðkomandi húss að mati af húsafriðunarnefndar og Minjastofnunar Íslands.

B. STYRKIR TIL RANNSÓKNA OG HÚSAKANNANA

I. **Forgangsröðun og flokkun**

Umsóknir flokkaðar.

II. **Húsafriðunarnefnd fjallar um umsóknir, leggur á þær mat og veitir umsögn**

Mat á umsóknum byggir á eftirtöldum þáttum :

1. Vísindaleg, menningarleg, listræn og/eða tæknileg gildi, nýnæmi verkefnisins (í tengslum við áherslur sjóðsins hverju sinni (1-5 stig)
2. Gæði umsóknar, skilgreining verkefnis, verkefnisstjórnun, rannsóknaraðferð, verk- og tímaáætlun, þátttakendur (1-5 stig)
3. Afrakstur og ávinningur. Mikilvægi verkefnisins fyrir varðveislu byggingararfsins, nauðsyn þess að gera húsakönnun á viðkomandi stað (1-5 stig)

Hver liður gefur að hámarki 5 stig. Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að fá amk. 3 stig í hverjum lið og samanlagt ekki minna en 10 stig af 15 mögulegum. Eftirtalin eru viðmið vegna stiga í hverjum lið:

- 1 Umsókn ófullnægjandi eða í henni er að finna alvarlega formgalla
- 2 Umsókn uppfyllir lágmarksskilyrði í vissum þáttum en í henni eru verulegir veikleikar
- 3 Verðugt verkefni og góð umsókn, uppfyllir skilyrði sjóðsins þrátt fyrir veikleika
- 4 Verðugt verkefni og mjög góð umsókn, í henni eru nokkrir veikleikar
- 5 Mikilvægt verkefni og afburða góð umsókn, veikleikar eru smávægilegir

III **Ákvörðun styrkuppþæðar**

Hlutfall styrkuppþæðar verði (að öllu jöfnu) aldrei hærra en sem nemur 50% af kostnaði við styrkta verkþætti.

C. ALMENNT UM VERKLAG

Hlutverk húsafriðunarnefndar er að sjá til þess að öll verkefni fái umfjöllun og mat sem framkvæmt er með samræmdum hætti. Lögð er áhersla á að afgreiðsla nefndarinnar sé skýr og rökstudd. Endanlegt mat húsafriðunarnefndar er sameiginlegt mat hennar en einstakir nefndarmenn eru ekki gerðir ábyrgir fyrir niðurstöðunum. Húsafriðunarnefnd gefur til kynna forgangsröðun verkefna þegar umsóknum er skilað. Endanleg forgangsröðun úthlutunar er á verksviði og ábyrgð Minjastofnunar Íslands. Það þykir þó eðlilegt að tekið verði fullt tillit til umsagnar Húsafriðunarnefndar við úthlutanir styrkja, þótt ekki standi í lögum að álitid sé bindandi fyrir stofnunina. Formaður húsafriðunarnefndar gerir Minjastofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Áður en mat á umsóknum hefst ákveður húsafriðunarnefnd nánari vinnutilhögun og setur sér reglur um vanhæfi nefndarmanna í einstökum málum.

Ákveði Minjastofnun Íslands að fara ekki að tillögu húsafriðunarnefndar í einhverjum tilvikum mun stofnunin upplýsa formann húsafriðunarnefndar um þær breytingar.